

Nd.

758. Nefndarálit

frá nefndinni um verzlunarlöggjöf og atvinnulöggjöf landsins.

Um nauðungarsamning milli skuldunauts og skuldheimtumanna.

Eitt af þeim verkefnum, sem nefndin hefir haft með höndum, var að undirbúa lög um nauðungar-samninga milli skuldunauts og skuldheimtumanna.

Nálega öll verzlunarlönd hafa löggjöf um þetta efni, og er ástæða til þess auðsæ, því að slík löggjöf miðar ekki að eins til að vernda skuldheimtumann, sem fyrir ósjálfráð atvik eða fyrir slys, án vítaverðrar léttúðar, hefir ratað í gjaldþrot, heldur eins oft til að vernda hagsmuni skuldheimtumanna, sem oft getur orðið betur borgið með slíkum samningi, heldur en með gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts. En án slíkra laga getur einn skuldunantur, þótt ekki sé meðal hinna stærstu, af eintómri þverúð eða illvilja eða öðru kappi spilt samningum og þar með skaðað alla skuldheimtumenn.

Vér höfum þýtt hin dönsku lög um þetta efni, og leyfum vér oss að leggja með þessu nefndaráliti fram þetta uppkast vort. — Í því eru eyður, sem út þarf að fylla, þar sem þar er vísað til danskrar löggjafar, sem ekki er til hér á landi; en til þess hefir oss ekki unnist tími.

Í síðustu eyðuna verður t. d. að setja ákvæði, sem svara til 13. kap. í l. nr. 51, 25. Marz 1872 fyrir Danmörku.

Þessi vinna vor ætti að geta orðið talsverður verkaléttir fyrir stjórnina, ef hún, sem vér vonum, leggur frv. um þetta efni fyrir næsta þing, og sömuleiðis getur það orðið þingmönnum umhugsunarefni á sama tíma, svo að málið einnig verði betur hugsað af þeirra hlið, er til kemur.

Alþingi, 7. Maí 1909.

Björn Kristjánsson,
formaður.

Magnús Blöndahl.

Jón Ólafsson,
framsögumaður.

Jón Jónsson, S.-Ms.

Ólafur Briem.

Frumvarp

til laga um nauðungarsamning milli skuldunauts og skuldheimtumanna (tvangsakkord).
(Uppkast).

1. gr.

Skuldunautur, sem óskar að ná nauðungarsamningi við skuldheimtumenn sína án þess að selja bú sitt fram til gjaldþrotaskifta, verður að senda skiftadómi beiðni um það, og skal þeirri beiðni fylgja :

1. Yfirlitsreikningur um hag skuldunauts ásamt yfirlýsingu hans, að viðlögðum drengskap, um, að hann hafi ráðvandlega skýrt frá öllum eignum sínum og skuldum.

2. Skrá um alt, sem skuldunautur á, með sérstakri virðingu á hverju einu, og skal sú virðing gerð af trúnaðar-matsmönnum svo sem fyrir er mælt í 6. gr. Til samanburðar skal, eftir því sem auðið er, gefa sundurliðaða skýrslu um, hvaða verði eigandinn hafi metið hverja eign sína við eldri virðingu á henni, sérstaklega við þann yfirlitsreikning um hag sinn, sem hann hefir samið næst á undan, ef sá reikningur er til, elia skýra frá kaupverði.

3. Skrá um skuldheimtumenn skuldunauts, og skal sér í lagi skýrt frá nafni og heimili hvers þeirra um sig og upphæð þeirri, sem hann á hjá skuldunaut, sömuleiðis veði því eða trygging, er sett kann að vera fyrir skuld. Skuldkröfur, sem skuldunautur viðurkennir ekki, skulu fram taldar og athugasemd um það gerð. Einnig skal skuldunautur, eftir því sem honum hefir verið auðið, hafa útvegað, og láta skrá þessari fylgja, umsögn skuldheimtumanna um upphæð krafna þeirra, og hversu á þeim standi; nú vantar slíka umsögn frá einhverjum skuldheimtumanni, og skal þá frá því skýra, hvort á hann hafi verið skorað um að skýra frá kröfu sinni.

4. Skrá um bækur, þær er skuldunautur hefir haldið um atvinnu sína.

5. Tillaga skuldunauts um skuldgreiðslusamning ásamt skriflegri yfirlýsing frá ekki minna en tveim fimtungum þeirra skuldheimtumanna, sem kunnugt er um bæði að tölu og skuldaupphæð, um, að þeir greiði atkvæði fyrir tillögunni.

6. Skýrsla frá þeim tveimur trúnaðar-matsmönnum, þeim er skuldunautur hefir til kvatt og löggiltir eru (2. gr.), en af þeim skal annar vera löggiltur sem sérfróður maður í þeirri tegund viðskifta-atvinnu, sem skuldunautur rekur, og hinn löggiltur sem reikningafróður maður, og má hvorugur vera skuldunaut svo nákominn, að þeir séu systkinabörn að skyldleika eða mægðum.

Skýrsla trúnaðar-matsmanna skal lýsa yfir því, að þeir hafi nákvæmlega yfirfarið alt bú skuldunauts, reikningshald hans og atvinnurekstur; að yfirlitsreikningurinn yfir hag búsins og aðrar þær skýrslur um það, sem nefndar eru hér að framan, séu, eftir öllu því, sem fyrir þeim hefir legið, svo fullkomnar sem auðið hefir verið að útvega, og að í þeim sé ekkert rangt, svo að þeir til viti.

Í skýrslu sinni skulu þeir ennfremur gefa fullkomið yfirlit um það, hversu búið standi, skýra frá, hversu skuldunautur hafi rekið atvinnu sína bæði áður en hann kvaddi þá til og eins eftir það, og enn fremur skýra frá, hversu bókhaldi skuldunauts hafi verið hagað og hversu það sé af hendi leyst, sömuleiðis gefa skýrslu um atvik þau sem því hafa valdið, að skuldunaut hefir eigi auðið orðið að fullnægja skuldakröfum, þeim sem á honum hvíla, og um það, hversu tekjuhallinn er fram kominn; enn fremur umsögn, er meta megi eftir, hvort skuldunautur hafi farið viðunanlega að, eða álíta meg að hann hafi rekið atvinnu sína á einhvern hátt með léttúð eða óreglu. Sérstaklega skal taka það fram, hvort ráða þyki mega að skuldunautur hafi nokkuð það gert í viðskiftum sínum, er rifta mætti, ef hann yrði gjaldþrota; hvort nýlega hafi yfir staðið málssókn gegn skuldunaut, eða hann hafi gengið að sætt fyrir nokkrum dómstóli eða sáttanefnd; hvort nokkur atvik eru fyrir hendi,

sem tilefni gætu gefið til rannsóknar eða málshöfðunar af hendi almannavalds; enn fremur skulu þeir skýra frá því sem þeir að öðru leyti kynnu að hafa fundið athugavert málinu til skýringar. Loks skulu trúnaðar-matsmennirnir láta í ljósi álit sitt um, hvort sennilegt sé að fallast á tillögu skuldunauts um skuldgreiðslusamning, og um það, hver trygging sé fyrir því, að skuldunautur muni efna þann samning, og enn fremur um það, hversu ætla megi að búið muni standa, ef það verði tekið til gjaldþrotameðferðar.

7. 20—100 króna fjárupphæð, eftir mati skiftaráðanda, og skal það vera fyrirframgreiðsla upp í kostnað, þann er stafar af því að hafa beiðnina og samningsumleitarnir til meðferðar.

Hver sá skuldunautur eða trúnaðar-matsmaður, sem gefur vissvitandi rangar skýrslur eða gerir sig sekan í vitaverðu skeytingarleysi, þá er hann gefur yfirlýsingar þær og skýrslur, sem um er rætt í þessari grein, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi, nema hann hafi bakað sér þyngri refsingu eftir öðrum landslögum.

2. gr.

Ráðherrann skal löggilda um ákveðið tímabil trúnaðar-matsmenn í ýmsum atvinnu greinum, eftir því sem þörf þykir, og svo marga og svo víða, sem þörf þykir, og skal hann fyrst leita tillagna um það frá félögum ýmissa atvinnurekenda, hvort heldur í viðskifta-atvinnu, landbúnaði eða annari atvinnu; þessa menn er skuldunautum heimilt að kveðja til sem sérfróða trúnaðar-matsmenn við nauðungarsamninga um skuldgreiðslur samkvæmt lögum þessum. Í sama skyni löggildir ráðherrann einnig reikningafróða trúnaðar-matsmenn svo marga og svo víða sem þörf þykir á.

Nú eru til kaupmannafélög í kaupstöðum, þeim er eigi hafa færri en 1500 íbúa, og er þeim þá rétt að senda ráðherra fyrir 1. maí ár hvert skrá um menn í umdæmi, því er félagið nær yfir, þá er félagið telur til þess fallna að verða löggiltir trúnaðar-matsmenn. Búnaðarfélög, sem taka yfir fleiri hreppa en einn, hafa sama tillögurétt.

Landbúnaðarfróða trúnaðar-matsmenn skal að eins löggilda fyrir þann landsfjórðung, sem þeir eiga heima í. Landsfjórðungur merkir hér það umdæmi, er eitt amtsráð tók yfir síðast, áður en þau voru niður lögð. Aðra löggilta trúnaðar-matsmenn er heimilt að nota hvar sem er á landinu.

Eftir áskoru skuldunauts getur skiftadómari veitt öðrum manni eða mönnum löggildinguna til trúnaðar-matsmænsku í því eina máli, sem þá liggur fyrir, ef tilefni er til þess.

Nú kveður skuldunautur trúnaðar-matsmenn til, og geta þeir þá heimtað, að hann leggi fram hæfilega upphæð til tryggingar fyrir ómakslaunum þeirra. Ef á þarf að halda, ákveður skiftadómari upphæð tryggingarinnar og hversu hún skuli sett.

3. gr.

Á beiðni skuldunauts, þá er um getur í 1. gr., skal skiftadómari rita dag og klukkustund, þá er hún var afhent honum.

Ef auðið er, skal skiftadómari áður en þrjár sólar eru af lofti, eða sé það ekki auðið, þá svo fljótt sem framast má verða, kveða upp úrskurð um það, hvort hefja skuli umleitun um skuldgreiðslusamning. Áður en sá úrskurður er upp kveðinn, skal halda fund, sem skuldheimtumenn eiga kost á að sækja eða umboðsmenn þeirra, og á skuldunautur einnig að vera þar viðstaddur og sömuleiðis trúnaðar-matsmennirnir, ef þurfa þykir, og skal skuldunautur og trúnaðar-matsmenn svara þar þeim spurningum, er upp eru bornar af skiftadómarum eða öðrum.

Ef atvik liggja svo til, getur skiftadómari auk þess heimtað tryggingu fyrir kostnaði, þeim sem leiðir af samningaumleituninni, að svo miklu leyti sem trygging, sú er um getur í 1. gr., kynni eigi virðast nægileg.

Nú fullnægir beiðni skuldunauts ekki fyrir mælum 1. gr., enda bætir skuldunautur ekki í tækan tíma úr því sem áfátt er, eða dómariinn sér það auðsælega af skýrslum, þeim sem fram eru komnar, að skuldgreiðslusamningur getur ekki átt sér stað samkv. 4. gr., eða að fyrirmæli 25. gr. hljóti að verða því til tálmunar, að dómariinn geti staðfest samninginn, og skal hann þá vísa beiðninni frá og skiftadómari þá skýra öllum þeim skuldheimtumönnum, sem um er kunnugt, frá frávisuninni og ástæðunum fyrir henni undir eins og áfrýjunarfrestur er útrunninn (36. gr.).

Skiftadómari er einnig skyldur til, þótt síðar sé, að stöðva málaleitun um skuldgreiðslusamning, undir eins og hann fær vitneskju um einhver þau atvik, er tálma því að þessari málaleitun sé áfram haldið eða að samningur verði staðfestur.

4. gr.

Málaleitunum um skuldgreiðslusamning samkv. lögum þessum má ekki sinna, og sé hún byrjuð skal við hana hætta:

- a. ef skuldunautur hefir áður orðið að framselja bú sitt til gjaldþrotameðferðar eða hann hefir áður fengið nauðungarsamning samkvæmt þessum lögum, nema hann sanni, að hann hafi annað hvort við þá skiftameðferð eða þann samning, eða síðar, greitt skuldheimtumönnum sínum að minsta kosti 75% af upphæð, þeirri sem skuldkröfur þeirra námu, með áföllnum vöxtum við byrjun þeirra gjaldþrotaskifta eða málaleitunarinnar um þann nauðungarsamning;
- b. ef skuldunautur er fjarverandi meðan á málaleituninni stendur, nema hann hafi fengið leyfi skiftadómarar til brottferðar eða fjarvistar;
- c. ef skuldunautur lætur hjá líða að gefa þær skýrslur, sem skiftadómarar þykir nauðsyn til bera, eða hann á annan hátt lætur hjá líða að fullnægja því sem lög þessi leggja honum á herðar;
- d. ef það hefir reynt ógerlegt að fá áreiðanlegt yfirlit yfir hag búins;
- e. ef skiftadómari samkvæmt rannsókn trúnaðar-matsmannanna eða af öðrum ástæðum verður að álíta, að skuldunautur hafi haft óráðvendni í frammi eða sýnt í atvinnurekstri sínum léttúð eða óreglu.

5. gr.

Nú ályktar skiftadómari, að málaleitun megi eiga sér stað um skuldgreiðslusamning, eða skuldsamningadómur, sá er um getur í 35. gr., sker svo úr, og skal þá svo álíta sem málaleitun þessi hafi hafist frá þeirri stundu, er beiðni skuldunauts um það efni kom í hendur skiftadómarar.

Upp frá þeirri stund, er málaleitun um skuldgreiðslusamning telst byrjuð, og þar til er henni er lokið, verður ekki að lögum kyrsett fé skuldunauts, fjárnám gert eða lögtak hjá honum, nema fyrir skuldkröfur sem greiðslusamningarnir ná ekki til.

Meðan skuldgreiðslusamningur er ekki fullgerður, getur hinsvegar sérhver skuldheimtumaður, er eigi hefir trygt veð fyrir kröfu sinni, heimtað, að bú skuldunauts sé tekið til gjaldþrotameðferðar, hvort heldur sem krafa hans er fallin í gjalddaga eða eigi. Sé krafa þessi fram komin af hendi skuldheimtumanna, sem samnings umleitarnir ná til, má skiftadómari þó því að eins sinna henni, að minsta kosti tveir aðrir skuldheimtumenn, er eins stendur á með, geri sömu kröfu, eða eigi fyrri en tveir aðrir gera sömu kröfu, enda sé kröfurnar ekki þeim í hendur seldar eftir að samningamálaleitun byrjaði. Eigi verður kröfu skuldheimtumanna, þeirra er gjaldþrotameðferðar beiðast, heldur sint, nema kröfur þeirra samtals nemi að minsta kosti einum tíunda hlut af allri upphæð þeirra krafna gegn skuldunaut, sem um er kunnugt þá er þær komu fram.

Nú hefir samningur á komist um skuldgreiðslu, en skiftadómari hefir enn eigi staðfest hann með fullnaðar-úrskurði, og má þá ekki á þeim tíma taka bú skuldunauts til gjaldþrotaskifta eftir kröfu nokkurs þess skuldheimtumans, sem samningurinn nær til. Nú endar á

Þessu tímabili einhver sá frestur, sem um ræðir í 4. kaþítula laganna um gjaldþrotaskifti, en sá frestur hefir þau áhrif, að stöðva réttinn til að lýsa skuldunaut gjaldþrota, eða einhver þessi frestur mundi á enda verða innan viku þar á eftir, og skal þá ekki telja frestinn útrunninn, ef skuldunautur verður gjaldþrota innan viku eftir að þessi tími er á enda.

6. gr.

Nú er beiðni skuldunauts um samninga umleitun á skuldgreiðslu tekin til greina, og er það þá skylda skiftadómara:

1. að gefa tafarlaust út auglýsingu um, að málaleitun sé byrjuð um skuldgreiðslusamning, og á hann jafnframt að ákveða fund til meðferðar þessa máls og til atkvæðagreiðslu um samningstillögu skuldunauts, og skal þann fund eigi fyrri halda, en 14 dögum, og eigi síðar en 4 vikum, eftir að skiftadómari hafði úrskurðað að byrja skyldi málaleitun þessa. Jafnframt skal skorað á skuldheimtumenn að skýra skiftadómara frá, hvað þeir eiga hjá skuldunaut. Auglýsing þessa skal birta í lögbirtinga- blaðinu, og nemi búið nokkru talsverðu, ber að endurtaka auglýsinguna nokkrum sinnum.
2. áður en vika er liðin frá því er skiftaréttur úrskurðaði, að leita mætti skuldgreiðslusamnings, á dómariinn að senda hverjum skuldheimtumanni, sem um er kunnugt hvort heldur hann á heima innan lands eða utan, eða umboðsmönnum þeirra, þeim sem um er kunnugt nærlendis, eintak af auglýsingu, þeirri er áður er um getið, samningstillögu skuldunauts, yfirlitsreikning yfir hag hans og yfirlýsingu trúnaðarmatsmanna, og skal þetta senda í ábyrgðarbréfi. Nú neitar skuldunautur eða einhver skuldheimtumaður einhverri kröfu að öllu leyti eða nokkru, eða krefst frekari sannana fyrir heuni, og ber þá að tilkyuna þetta jafnframt þeim skuldheimtumanni, er þá kröfu á. Nú fær skiftadómari síðar að vita um fleiri skuldheimtumenn, og skal hann þá tafarlaust senda þeim sömu tilkynningu sem hinum var send. Nú eiga nokkrir skuldheimtumenn heimili í mikilli fjarlægð, og má skiftadómari þá, eftir því sem honum þykir henta, senda þeim stutta skýrslu og fundarboð með ritsíma.

Nú hefir eitthvað fyrir farist að gera af því sem fyrir er mælt í 2. lið þessarar greinar, og verða þó eigi á því bygð nein mótmæli gegn málaleitun um skuldgreiðslusamning.

Beiðni skuldunauts og öll fylgiskjöl við hana skal leggja fram í dómi öllum til eftirsjónar, og á sérhver skuldheimtumaður rétt á að heimta eftirrit af þessum skjölum gegn borgun.

7. gr.

Á fundi, þeim sem á að taka tiltöguna til skuldgreiðslusamnings til meðferðar, á skuldheimtumaður að vera viðstaddur. Frá því afsakar hann ekkert, nema sjúkdómur eða önnur sú tálmun, sem skiftadómari metur ósigrandi. Trúnaðarmatsmennirnir eiga einnig að vera þar viðstaddir, nema þeir hafi lögleg forföll. Þá er um smábú er að ræða, má skiftadómari ákveða, að trúnaðarmatsmenn þurfi ekki að vera við á fundinum. Á þeim fundi á að koma fram tillaga skuldunauts til skuldgreiðslusamnings og á þar að gera grein fyrir öllum ástæðum búsius alt fram að fundardegi. Þar skal og fram leggja skrá yfir skuldheimtumenn til afnota við atkvæðagreiðslu; hana skal yfirfara og á hún að taka yfir allar þær kröfur, er lýst hefir verið, og eins þær, er ekki hefir lýst verið, og skal athugasemd um það gerð, hvort skuldunautur eða aðrir hafa mótmælt nokkurri kröfu, og þá hverri og að hve miklu leyti.

Nú telur einhver sér ranglega slept af skrá þessari, eða telur kröfu sína tilfærða með skakkri upphæð, og skal þá einnig athugasemd um það gera í skrána.

Nú breytir skuldunautur tillögu sinni eða bætir einhverju við hana, og sker þá skiftadómari úr, er hann hefir gefið þeim færi á að láta álit sitt í ljós, sem við eru, hvort atkvæðagreiðsla megi fram fara á þeim fundi eða ekki um tillöguna með á orðinni breytingu. Áliti dómari að nýjan fund beri að halda, ákveður hann þann fund með stuttum fresti, venjulega ekki meira en vikufresti. Þennan nýja fund skal birta

Auk þess skal (6. gr.) senda sérstakt fundarboð í ábyrgðarbréfi þeim skuldheimtumönnum, sem kunnugt er um og ekki voru viðstaddir á fundinum og heyrðu þar, hvenær nýr fundur var ákveðinn. Í þessu sérstaka fundarboði skal geta um þær breytingar er gerðar hafa verið á tillögunni.

Á þessum nýja fundi þurfa trúnaðarmatsmenn ekki að vera viðstaddir nema skiftadómari telji það nauðsynlegt.

Á þessum fundi getur skuldunautur ekki breytt aftur tillögu sinni eða bætt neinu við hana.

8. gr.

Á fundum þeim, er um ræðir í 7. gr., má bæði skiftadómari, trúnaðarmatsmenn og sérhver skuldheimtumaður heimta svar skuldunauts upp á sérhverja spurningu, er stendur í sambandi við skuldgreiðslusamninginn. Skiftadómari skal bera svörin upp.

Á sama hátt má skýrslu heimta af sérhverjum skuldheimtumanni, sem viðstaddur er, eða viðstöddum umboðsmanni skuldheimtumans, um viðskiftasamband skuldheimtumans við skuldunaut, og þyki skiftadómara það nauðsynlegt, getur hann með kvöldfresti kvatt þá skuldheimtumenn til að mæta, sem heima eiga eða eru staddir svo nærri fundinum, að þess sé kostur. Nú þykir nauðsyn til bera að heimta skýrslu af skuldheimtumönnum, sem heima eiga eða dvelja í öðru skiftaumdæmi, og getur skiftadómari þá beðið skiftadómarann í því umdæmi, er þeir eru í, að leggja spurningar fyrir þá, og er sá skiftadómari skyldur til að verða tafarlaust við þeim tilmælum.

Nú mætir eigi skuldheimtumaður, sem til er kvaddur, og tjáir ekki lögleg forföll, eða skuldheimtumaður eða umboðsmaður hans færast undan að svara spurningu, sem fyrir hann er lögð samkvæmt þessari grein, og getur skiftadómari þá ákveðið, ef sá skuldheimtumaður greiðir atkvæði með samningstillögunni, að það atkvæði skuli eigi þeim megin talið.

Nú reynist skýrsla ósönn, sú er gefin er samkvæmt þessari grein, og skal þá beita 146. og 148. gr. hegningarlaganna.

9. gr.

Þá er atkvæði eru greidd um samningstillögu skuldunauts, getur skuldheimtumaður, sem ekki mætir, sent atkvæði sitt skriflega á fundinn. Nú hefir skuldheimtumaður lýst yfir því, þá er skuldunautur kom fram með samningstillögu sína, að hann sé samþykkur tillögunni og skal þá svo á líta, að hann hafi greitt atkvæði með henni skriflega, nema hann hafi afturkallað yfirlýsingu sína eða tillögunni hefir á einhvern hátt verið síðar breytt.

10. gr.

Þá er atkvæði eru greidd um tillöguna, hefir hver veðhafi atkvæðisrétt fyrir þeim hluta skuldkröfu sinnar, sem skiftadómari álitur að eigi sé tryggður með veðinu, eða falli skuldheimtumaður frá veðrétti sínum fyrir meiri upphæð, þá hefir hann atkvæðisrétt um hana.

Nú hefir skuldheimtumaður forgangsrétt í búinu fyrir kröfu sinni, og hefir hann þá atkvæðisrétt fyrir þeim hluta kröfu sinnar, sem hann afsalar sér forgangsrétti fyrir.

Nú er skuldheimtumaður einnig í skuld nokkurri við skuldunaut, þann er samningsleitar, og hefir hann þá atkvæði fyrir þeim hluta kröfu sinnar að eins, sem eigi verður fullusta ger með skuldajöfnuði samkv. 22 gr.

11. gr.

Þá er atkvæði skal greiða um samningstillöguna, hafa þessir skuldheimtumenn engan atkvæðisrétt: Eiginkona manns, eða eiginmaður konu, ættingjar í beinan íegg upp eða niður, systkin, eða þeir er jafn nærri standa að mægðum eða tengdum; sama er um þá skuldheimtumenn, sem hafa fengið kröfur sínar sér í hendur seldar eftir að þeir fengu vitneskju um, að skuldunautur hefir tilkvatt trúnaðar-matsmenn samkv. 1. gr. 6, eða hætt skuldagreiðslum.

12. gr.

Nú er krafa skuldheimtumanns véfengd, og tekur hann þó fyrst um sinn þátt í atkvæðagreiðslu um samningstillöguna (16. gr.).

13. gr.

Nú eiga fleiri menn saman eina kröfu, og veitir hún þá eigi rétt til fleiri atkvæða, en þótt einn væri eigandi.

Nú á skuldheimtumaður króru, þá er skilyrðum er bundin, og á hann þó atkvæði enda þótt skilyrðið fyrir tilurð kröfunnar sé enn ekki framkomið. Nú eiga fleiri menn slíka kröfu saman, og á þá að eins einn þeirra atkvæðisrétt, og þá sá helzt, er að tímanum til verður að álíta að næstur standi.

Nú hefir skuldheimtumaður fleiri kröfur en eina, og hefir hann þó að eios eitt atkvæði.

14. gr.

Nú er samningstillaga svo vaxin, að skuldheimtumönnum, þeim er eigi eiga forgangsrétt, eru boðnir 50% eða meira, eða tillagan fer að eins fram á greiðslufrest, og þarf þá, til þess að hún verði samþykkt, að minsta kosti atkvæði tveggja þriðju hluta þeirra skuldheimtumanna, er mættir eru, enda nemi kröfur þeirra að minsta kosti þrem fjórðu hlutum af upphæðinni á öllum þeim kröfum, er atkvæði eiga.

Nú býður tillagan minna en 50%, en þó eigi minna en 25% og þarf þá þrjá fjórðu hluta bæði af atkvæðatölu og skuldaupphæð til samþykkis.

Nú býður tillagan minna en 25% og þarf þá níu tíundu hluta bæði að atkvæðatölu og skuldaupphæð til samþykkis.

Þeir skuldheimtumenu, sem sent hafa skrifleg atkvæði (9. gr.), skulu, að því er ákvæði þessarar greinar snertir, teljast með þeim skuldheimtumönnum, sem mættir eru á fundi.

Nú hefir skuldheimtumaður eigi tilkynnt skuldkröfu sína, og skal hún þó talin með þeim skuldkröfum, er atkvæðisrétt eiga.

15. gr.

Nú fer svo á fundi, þar sem samningstillagan er borin undir atkvæði, að næg atkvæði fást að atkvæðatölu til, en eigi næg að upphæðum til, eða næg atkvæði fást að upphæðum til, en eigi að atkvæðatölu til, og stefnir þá skiftadómarari til nýs fundar, er halda skal svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en á viku-fresti. Fáist ekki á þeim fundi næg atkvæði samkv. 14. gr., bæði að atkvæðatölu og upphæðum til, þá er tilboðinu hafnað.

Um fundarboðun og sérstakar tilkynningar til þessa fundar fer svo sem segir í 7. gr.

Þeir skuldheimtumenn, er atkvæði greiddu á fundi, verður álitid að standi við atkvæðagreiðslu sína á inum síðara fundi, ef eigi hefir skýrsla frá þeim komið um annað.

16. gr.

Nú reynist það, að úrslit atkvæðagreiðslu verða önnur, ef með eru taldar þær kröfur, sem eigi eru viðurkendar, eða atkvæði þeirra kröfueiganda eru með talin (12. gr.), heldur en þau mundu verða, ef þessar kröfur eða þessi atkvæði væru ekki með talin, og er þá rétt að skiftadómari rannsaki þær kröfur nánara og kveði svo á um, hve margar af þessum kröfum, og fyrir hve miklum upphæðum, með skuli telja við atkvæðagreiðsluna. Þó þarf skiftadómari ekki lengra að fara í þessari rannsókn en svo, að til þess nægi, að atkvæðagreiðslan geti úrslit gefið um það, hvort tillagan verður samþykkt eða henni hafnað, hvort heldur sem aðrar véfengdar kröfur eru meðtaldar eða ekki. Nú kemst skiftadómari að þeirri niðurstöðu, að inar véfengdu kröfur séu svo vaxnar, að eigi verði þannig til bráðabirgða úr því skorið, hvort véfengdar kröfur skuli með telja eða ekki, og lýsir hann þá yfir því, að tilboðinu sé hafnað.

Verði það síðar lagt undir dómsúrslit, hvort kröfurnar sé gildar eða eigi, þá hefir bráðabirgðaúrskurður skiftadómara engin áhrif á það mál.

17. gr.

Þeir skuldheimtumenn, er eiga kröfur með lögákveðnum forgangsrétti, ef um gjaldprot væri að ræða, verða ekki með skuldgreiðslusamningi neyddir til að fella neitt af kröfum sínum eða gefa neinn greiðslufrest; þeirra kröfur verður að greiða að fullu þá er þær falla í gjalddaga, nema þeir afsali sér sjálfir þeim rétti. Nú er svo ákveðið í lögum, að forgangsréttur haldist því að eins, að gjaldprot verði innan einhvers ákveðins tíma, og rennur sá frestur á enda meðan á skuldgreiðslusamningi stendur eða innan mánaðar þar á eftir, þá varðveitist þó forgangsrétturinn, ef skuldunautur verður gjaldprota eigi síðar en mánuði eftir að skuldgreiðslusamningi var lokið.

Með þá skuldheimtumenn, er jafnfætis standa í gjaldprotaröðinni, verður að fara alla á sama hátt, nema einhver þeirra gangi sérstaklega að því að vera látinn standa verr að vígi en hinir.

18. gr.

Með þá skuldheimtumenn, er eiga kröfur sem véfengdar eru, verður í samningnum fyrst um sinn að fara alveg á sama hátt og ef kröfur þeirra væru eigi véfengdar.

Nú er skuldgreiðslusamningur staðfestur, og er þá þeim skuldheimtumönnum, er hlut eiga að máli, rétt að krefjast þess, að skiftadómari ákveði, að greiðsla, sú er fellur á véfengda kröfu, eða á þann hluta kröfu, sem véfengdur er, skuli lögð í banka eða sparisjóð eftir þeim nánari reglum, sem skiftadómari ákveður til tryggingar skuldheimtumanni. Nú verður svo ákveðið, að greiðslu skuli þannig leggja í banka eða sparisjóð, og ákveður skiftadómari þá tiltekinn frest, svo að skuldeigandi hafi, áður en sá frestur er liðinn, fært skiftadómi sönnur á það, að hann hafi byrjað málssókn. Nú fellur dómur, og skal greiðsla, sú er inn var lögð, kyr standa þar til er áfrýjunarfrestur er út liðinn. Nú eru sönnur eigi á það færðar áður en frestur er liðinn, að málssókn sé byrjuð, og hefir skiftadómari gefið vottorð um það, og má þá taka út aftur greiðslu, þá er inn var lögð.

19. gr.

Nú hefir skuldgreiðslusamningur gerður verið, og hefir hann þó engin áhrif á rétt skuldheimtumanna gagnvart ábyrgðarmönnum og öðrum, er til skuldar eiga að svara ásamt skuldunaut.

20. gr.

Nú hefir skuldheimtumaður veð fyrir skuld og hefir þá skuldgreiðslusamningur engin

áhrif á veðrétt hans. En persónuleg krafa hans á hendur skuldunaut lækkar um þá upphæð, sem veðið síðar kann að fullnægja. Um þá upphæð, sem umfram er, er veðhafi bundinn við samninginn.

21. gr.

Nú ber skuldkrafa vöxtu, og skal þá í skuldgreiðslusamningi eigi vöxtu telja lengur en þar til er umleitun hófst um skuldgreiðslusamning.

Nú hefir afslætti (*rabat*) verið heitið á kröfuupphæð, og skal þá draga þann afslátt frá kröfunni, hvort sem skilyrði, þau er fyrir afslættinum voru sett, eru uppfyllt eða ekki. Hafi afslætti verið heitið fyrir borgun út í hönd, skal þó af þeim afslætti það eitt frá draga, er umfram verður 10% um árið.

Nú á skuldheimtumaður kröfu, er eigi var í gjalddaga fallin, og á hann þó samkv. samningnum rétt á borgun samtímis öðrum skuldheimtumönnum.

22. gr.

Nú hefir maður náð skuldgreiðslusamningi, og getur þá hver sá maður, sem skuldar honum, dregið frá þeirri skuld það sem hann á hjá skuldunaut, án tillits til þess, hvernig á kröfunni eða gagnkröfunni stendur, svo framarlega sem hann sjálfur hefir fengið kröfuna í hendur, eða sá er hann hefir erft kröfuna eftir hefir fengið hana í hendur, áður en auglýsing var birt um að leitað væri skuldgreiðslusamnings, eða ef krafan stafar frá skuldbindingu, sem hann með jöfnum skilyrðum hefir tekist á hendur fyrir þenna tíma. Nú er það véfengt, hvenær hann hafi kröfuna í hendur fengið, og verði það eigi á annan hátt sannað, þá skal leyfa kröfueiganda að staðfesta framburð sinn um þetta með eiði, og getur skiftadómari tekið þann eið af honum.

Eftir að málaleitun er hafin um skuldgreiðslusamning, þá má samningsleitandi eigi afsala sér handskriftarkröfum sínum, a þann hátt, að skuldunaut hans, þeim er í hlut á, verði við það meinað að halda fram gagnkröfu, nema hann setji skuldunaut sínum tryggingu fyrir því tjóni, er hann kann af því að tíða. Nú er skuldgreiðslusamningur staðfestur, þá á sá, er þannig á hlut að máli rétt á að krefjast þess, að skiftadómari riti á skuldaskjöl, þau er samningsleitanda tilheyra, að frjálst sé að krefjast gagnreiknings samkvæmt þessari grein, eða að þeim sé trygging sett, sem rétt á til gagnkröfureiknings, og skal þessa síðarnefndu aðferð jafnan hafa við víska.

Nú er gagnkrafan síðar sótt að lögum, og hafa þá úrskurðir skiftadómara samkvæmt þessari grein engin áhrif, er dæma skal um gagnkröfuna.

23. gr.

Nú er skuldgreiðslusamningur samþykktur með atkvæðagreiðslu skuldheimtumanna, og er hann þó eigi gildur fyrri en skiftadómari hefir staðfest hann.

24. gr.

Nú hafa skuldheimtumenn samþykkt skuldgreiðslusamning með atkvæðum, og skal skiftadómari þá skora á þá er mótmæla vilja samningnum, að koma fram með mótmæli sín á fundinum; síðan getur skiftadómari á söma fundi felt úrskurð um, hvort samninginn beri að staðfesta. Nú beiðist einhver skuldheimtumaður frests til að koma fram með mótmæli, og skal skiftadómari þá fresta fundi stutta stund, þó eigi lengur en viku; slíkan frest getur skiftadómari einnig á gert af sjálfdáðum. Nú er fundi frestað, og á þá sérhver skuldheimtumaður rétt á að koma fram með skrifleg mótmæli innan fjöggra daga gegn því að samningurinn verði staðfestur.

25. gr.

Þó að engin mótmæli hafi fram komið, á skiftadómari þó að neita staðfestingu með rökstuddum úrskurði, þá er svo stendur á sem hér segir :

1. Þegar þau almennu skilyrði fyrir skuldgreiðslusamningi, sem 4. gr. áskilur, eru ekki fyrir hendi.
2. Þegar í einhverju verulegu hefir verið vikið frá þeim reglum, sem lög þessi leggja fyrir og til þess miða að skuldheimtumenn fái fullkomna vitneskju um hag og ástand búsins, eða frá þeim ákvörðunum, sem annars eru gefnar um það, hversu að skuli fara.
3. Þegar eitthvað er það í samningnum, sem gagnstætt er ákvörðunum 17.—22. og 32. greinar þessara laga, eða að öðru leyti lögum gagnstætt.
4. Ef þeim ráðum hefir verið beitt til að koma samningnum á, eða eyða tálmunum fyrir því að hann kæmist , að veita nokkrum skuldheimtumanni heimullega eða augljóslega nokkur hlunnindi, eða lofa nokkrum skuldheimtumanni slíkum hlunnindum, hvort heldur skuldunautur hefir gert þetta eða einhver þriðji maður.
5. Ef ekki er sennileg trygging fyrir því, að samningurinn verði haldinn.

26. gr.

Ef nokkur sá skuldheimtumaður, sem samningurinn tekur til, krefst þess, þá skal skiftadómari enn fremur synja samningnum staðfestingar með rökstuddum úrskurði, ef fram á það er sýnt, að samningurinn sé ósamrýmilegur sameiginlegum hagsmunum skuldheimtumanna, svo sem af því að sá hluti, sem boðið er að greiða af skuldunum, standi í töluvert skökku hlutfalli við efni greiðanda, eða — þar sem tilgangurinn er að skuldunautur haldi atvinnu sinni áfram — að gjalddagar, þeir sem ákveðnir eru, hafi lengri greiðsludrátt í för með sér, heldur en sennilegt tillit til áframhalds atvinnunnar gefur tilefni til.

27. gr.

Úrskurð skiftadómara, er staðfestir skuldgreiðslusamninginn eða hafnar honum að fullu, skal auglýsa, og slíkt ið sama ef málaleitun um skuldgreiðslusamning fellur niður t. d. af því að skuldunautur deyr áður en skuldgreiðslusamningur hefir verið staðfestur af skiftadómara, eða af öðrum ástæðum, og skal birta auglýsingar þessar á þann hátt, er 6. gr. mælir fyrir, og skal skiftadómari auk þess tilkynna þetta öllum þeim skuldheimtumönnum, sem um er kunnugt.

28. gr.

Nú hefir skiftadómari staðfest skuldgreiðslusamning, og ber þá að skoða hann sem sátt, er gerst hafi fyrir dómstól milli skuldunauts og þeirra skuldheimtumanna, er viðurkendir voru í samningnum, og hefir samningurinn sama réttargildi og sátt fyrir dómstól.

29. gr.

Samningur, sá sem skiftadómur hefir staðfest, skuldbindur einnig þá skuldheimtumenn, er ekki gáfu sig fram við umleitunina um samninginn, þó að því leyti að eins, sem þeir hafa ekki veð eða forgöngurétt fyrir kröfum sínum. Samningurinn fríar skuldunaut við þann hluta sérhverrar skuldar, er hann var í áður en samningsumleitunir hófust (5. gr.), sem hann hefir ekki tekið að sér við samninginn, bæði gagnvart skuldheimtumanni og eins gagnvart ábyrgðarmönnum og öðrum, er ásamt honum bera ábyrgð á skuld. Frá þessu eru þó undanteknar þær skuldbindingar, er skuldunautur hefir á sig tekið með samþykki trúnaðarmatsmanna, til þess að halda atvinnu sinni áfram áður en samningar byrjuðu.

30. gr.

Nú hefir skuldunautur eða þriðji maður, utan samningsins eða jafnhliða samningnum, gert einhvern þann samning, er veitir einhverjum skuldheimtumanni meiri hagsmuni eða betri kjör, heldur en honum var augljóslega veitt í skuldgreiðslusamningnum. og er þá slíkt með öllu ógilt.

31. gr.

Nú verður það uppvíst áður en 3 ár eru liðin frá því er skuldgreiðslusamningur var staðfestur, að skuldunautur hefir í einhverju, því er að samningnum laut, gert sig sekan í sviksamlegu atferli, eða að skuldunautur sjálfur eða aðrir með hans vitund hafa, til þess að koma á nauðungarsamningi um skuldgreiðslu eða eyða talmunum fyrir slíkum samningi, heimullega veitt einhverjum skuldheimtumanni hagsmuni eða heitið honum hagsmunum um fram aðra skuldheimtumenn, og er þá skuldunautur skyldur til að greiða öllum skuldunautum, þeim er eigi áttu þátt í þessu misferli, einnig þann hluta af kröfum þeirra, sem eftir var gefinn með samningnum, og missir skuldunautur gagnvart þeim skuldheimtumönnum allan þann gjaldfrest, sem honum var veittur með samningnum, án þess að ábyrgðarmenn við samninginn losni frá þeim skyldum er þeir hafa á sig tekið, og án þess að skuldheimtumenn missi við það nokkurn rétt, sem þeim var veittur með samningnum.

32. gr.

Samningur, sá sem skuldheimtumaður hefir komist að samkvæmt lögum þessum, fellur ekki niður þó að hann verði vanhaldinn; en verði skuldunautur gjaldþrota, þá eiga þeir skuldheimtumenn, sem eru bundnir við samninginn, jafnan rétt og aðrir skuldheimtumenn til að fá kröfur sínar greiddar að hlutfalli réttu við upphæð þeirra án tillits til þess afsláttar, er veittur var með skuldgreiðslusamningnum, en samt skal þar frá draga þær útborganir, er þeir höfðu þegar fengið samkvæmt samningnum, þó svo, að það sem þeir fá greitt af þrotabúinu, ásamt því er þeir höfðu áður fengið greitt eftir samningnum, fari ekki fram úr því sem þeim bar samkvæmt samningnum.

33. gr.

Nú reynist það, að einhver, sá er skuldgreiðslusamningi hefir náð samkvæmt þessum lögum, hefir meðan á samningsumleitun stóð eða með hana fyrir augum, aðhafst eitthvað, það sem um ræðir í 262. eða 263. gr. hegningarláganna, og sætir hann þá refsingu eftir þeim greinum.

34. gr.

Nú er bú óvenjulega stórt og örðugt viðfangs, og er þá skiftadómara heimilt (en eigi skal það regla vera) að taka sér aðstoðarmann fyrir kaup til aðstoðar við bréfaskriftir og fleira. Kaup aðstoðarmanns skal búið greiða eins og annan kostnað, sem af samninganum leit aninni leiðir. Eigi má taka til aðstoðarmanns fyrir kaup neinn þann mann, sem er í þjónustu skiftadómarans eða hefir nokkra stöðu við dóminn.

Skiftadómari ákveður kaup aðstoðarmanns. Verði ágreiningur um kaup trúnaðarmatsmanna eða annara fyrir störf þeirra til undirbúnings samningsumleitaninni eða meðan á henni stendur (þar með talið kaup fyrir stjórn á atvinnu skuldunauts, ef annar maður hefir verið fenginn til að stýra henni), þá skal skiftadómari einnig ákveða upphæð kaupsins. Kaup þetta á ekki að ákveða með hundraðsgjaldi miðuðu hlutfallslega við stærð búans, heldur í hlutfalli við ómakið og eftir öllum málsatvikum. Úrskurði skiftadómara má fullnægja eins og dómi.

Nú kveður skuldunautur trúnaðarmatsmenn til og notar aðstoð þeirra, en hættir svo við að leita skuldgreiðslusamnings, eða beiðni hans um það efni er synjað, og á skiftadómari þá, ef þess er óskað, að ákveða kaup þeirra eftir sömu reglum.

Skrá yfir allan kostnað við samningsumleitun fyrir skiftadómi og við undirbúning hennar, og sömuleiðis áætlun yfir kostnað, þann er vænta má að á falli, skal fram leggja á fundi, þeim er um ræðir í 7. gr.

Nú kemst skuldgreiðslusamningur á og hefir hann þá, þrátt fyrir ákvarðanir 29. gr., engin áhrif á kröfur fyrir kaup, því er nú var nefnt, eða kröfur um endurgjald á útgjöldum við málaleitunina fyrir skiftadómi og undirbúning til hennar, jafnvel þótt þær stafi af því er gerst hafði áður en málaleitunin hófst fyrir skiftadómi, svo framarlega sem samningsumleitun samkvæmt lögum þessum hefir byrjað á því að skiftarétturinn hefir tekið til greina beiðni skuldunauts um slíka málaleitun, og eiga þessar kröfur því fullnusturétt næst eftir kröfum, þeim er nefndar eru í og ganga fyrir einföldum einkaskuldum í þrotabúi skuldunauts, ef hann verður gjaldþrota á þrem manudum inum næstu eftir að samningsumleitun var lokið.

Með sama gildi, sem um er rætt í næstu málsgrein hér á uddan, getur skuldunautur því næst stofnað nýjar skuldir eftir að samningsumleitun er byrjuð fyrir skiftarétti, ef maður, sem skiftadómari hefir til þess skipað, gefur skriflegt samþykki til, að skuldunautur megi stofna sér í þá skuld. Skiftaréttur má þó því að eins skipa mann til þess, að tveir fimtungan, bæði að tölu og kröfuupphæð, þeirra skuldheimtumanna, er atkvæði eiga um samningana, séu þessu samþykkir og bendi á mann, sem skiftadómari álitur þessu starfi vaxinn eða til þess fallinn. Skuldir, sem þannig eru stofnaðar, mega þó ekki viðtækari vera en brýn nauðsyn er á, til þess að skuldunautur geti haldið áfram atvinnu sinni; en sama forgangsrétt hefir skuldin í þrotabúinu, hvort sem þessara takmarka hefir verið gætt eða ekki.

35. gr.

Stofna skal nýjan dómstól, er heita skal skuldsamningadómur, og má til þess dóms skjóta þeim úrskurðum, er skiftadómari kveður upp meðan á umleitunum um skuldgreiðslusamning stendur samkvæmt lögum þessum, þó þeim einum úrskurðum, sem heimilað er að áfrýja. Dómar skuldsamningadóms eru fullnaðardómar og verður þeim eigi áfrýjað. Dómur þessi skal heima eiga í Reykjavík og skulu í honum vera einn lögfróður dómstjóri og fjórir menn aðrir, þeir er þekkingu hafa á viðskiftaatvinnu.

Konungur skipar lögfróðan dómstjóra til þriggja ára í senn, og skal það vera maður, sem er eða hefir verið dómari í æðsta dómstól hér á landi. Hann skal hafa laun og skulu þau ákveðin í fjárlögum; hina dómendurna skipar ráðherrann. Þeir eru skipaðir til fjöggra ára í senn; þó skulu tveir úr ganga eftir hlutkesti að tveim árum liðnum, af þeim er fyrsta skifti verða skipaðir.

Nægilegt fé til skrifstofukostnaðar skuldsamningadóminum skal veita í fjárlögum.

Í hverju sérstöku máli situr dómstjóri réttinn ásamt tveimur af hinum dómurum.

Nú kemur mál fyrir dóminn, þar sem á þarf að halda sérþekkingu, sem dómendur hafa eigi til að bera, og má dómurinn þá, ef einhver krefst þess, sá er hlut á að máli, kveðja mann, sem sérþekkingu hefir á málinu, til að sitja dóminn.

36. gr.

Nú vill maður skjóta úrskurði til skuldsamningadóms, og skal hann þá senda skiftadómara beiðni um það innan þriggja daga; þó skal fresturinn vera fjórtán dagar, ef áfrýja skal úrskurði, þeim er staðfestir skuldgreiðslusamning. Skiftadómari sendir skuldsamningadómi tafarlaust beiðnina og skjöl málsins og afskrift af skiftadóma bókinni, og má dómariinn bæta þar við umsögn sinni um málið.

Sérhver maður, sá er úrskurður skiftadómara hefir áhrif á hagsmuni hans, á rétt á að senda skuldsamningadómi skrifleg ummæli sín.

Heimilt er að koma fram með ný ummæli og skýrslur fyrir skuldsamningadómi, og sá dómur getur einnig af sjálfshvötum leitað nýrra skýrslna eða umsagna, hvort heldur hjá skiftadómara eða skuldunaut eða öðrum, sem málið kemur við.

Fullnaðarúrslit skal gera svo fljótt sem verða má, og venjulega innan fjórtán daga frá þeim degi að telja, er málið kom til dómstólsins.

Að öðru leiti ákveður dómstóll þessi sjálfur starfathögun sína.

37. gr.

Nú kveður skiftadómari upp úrskurð, er syujar beiðni skuldunauts um samninga-umleitun eða stöðvar samkvæmt síðustu málsgrein 3. gr. málaleitun, sem þegar er byrjuð, eða skiftadómari synjar samningi staðfestingar með úrskurði, og á þá skuldunautur rétt á að áfrýja slíkum úrskurði til skuldsamningadóms. Sé um tvö in síðarnefndu tilfelli að ræða, skal eigi telja samningsumleitun lokið fyrri en út er runninn áfrýjunarfrestur án þess að úrskurðinum hafi verið áfrýjað, eða þá að skuldsamningadómstóll hefir staðfest úrskurðinn eða samninginn.

Nú er skuldgreiðslusamningur staðfestur af skiftadómi, og er þá sérhver skuldheimtumaður, sem samningurinn tekur til, réttur aðili til áfrýjunar.

Enn fremur má áfrýja þeim úrskurðum skiftaréttar, sem um ræðir í 2. og 3. málsgrein 34. gr. Úrskurðir skuldsamningadóms hafa í þessu tilfelli sama fullnægjugildi sem hæstaréttardómar.

Í öðrum tilfellum, en þeim sem nefnd eru í þessari grein, verður úrskurði, er skiftadómari kveður upp samkvæmt þessum lögum, ekki áfrýjað.

38. gr.

Fyrir störf skiftadómara við skuldgreiðslusamnings-umleitanir fyrir þeim dómi skal greiða gjald, sem reiknað er eftir eignaupphæð skuldunauts, svo sem hann taldi hana vera í í skýrslu þeirri eða skrá yfir hag sinn, sem hann sendi skiftaréttinum jafnframt beiðni sinni um samningsumleitun, þannig :

$\frac{1}{2}\%$ af fyrstu 20,000 krónum,

$\frac{1}{4}\%$ af næstu 80,000 krónum, og

$\frac{1}{8}\%$ af því, sem þar er fram yfir.

Þó skal aldrei lægra gjald greiða en 25 kr., og aldrei hærra en 500 kr.

Þá er reikna skal gjald þetta, skal jafna svo upphæð, þá sem gjald greiðist af, að standi á heilu eða hálfu hundraði, svo að lægri upphæð en 25 kr. skal ekki með telja, og 25 kr. upp að 50 kr. skal telja sem 50 kr. væru.

Nú er beiðni um samningsumleitun synjað og skal þá fyrir það greiða 10 kr.

Gjöld þessi renna í landssjóð.

Nú verður skuldunautur gjaldþrota innan þriggja mánaða frá því að samningsumleitun var neitað með úrskurði, eða innan þriggja mánaða eftir að samningsumleitun var lokið, og skal þá, jafnvel þótt samningur hafi á komist, draga samningsgjöldin frá skiftagjöldum við meðferð þrotabúsins.

Fyrir meðferð máls við skuldsamningadómstól skal ekkert gjald greiða. En áliti sá dómstóll að engin sennileg ástæða hafi til áfrýjunar verið, má hann dæma áfrýjanda sekt, alt að 500 kr., og rennur sú sekt í landssjóð.

.....
.....